

## AUGLÝSING

um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundhöll Hafnarfjarðar.

1. Fullorðnir .....	kr. 150.00
Ef keyptir eru 10 miðar í senn kosta þeir kr. 900.00.	
2. Börn .....	— 50.00
Ef keyptir eru 10 miðar í senn kosta þeir kr. 300.00.	
3. 70 ára og eldri ½ gjald.	
4. Sjúkrakort (samkv. læknisvottorði) ókeypis.	
5. Baðstofa:	
Almenningstímar .....	— 300.00
Ef keyptir eru 10 miðar í senn kosta þeir kr. 2 400.00.	
6. Leiga á sundfötum, handklæðum, lökum og teppum .....	— 100.00
7. Sundæfingar íþróttafélaga:	
a) 16 ára og eldri .....	— 40.00
b) yngri en 16 ára .....	— 30.00

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Hafnarfjarðar staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. júní 1977.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á breytingum á Samþykkt fyrir Byggingarfélag verkamanna í Reykjavík.

Samkvæmt lögum nr. 59 30. apríl 1973 um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á Samþykkt fyrir Byggingarfélag verkamanna í Reykjavík:

1. málsgrein 7. greinar hljóði svo:

Inngöngueyrir er kr. 1000 og rennur í varasjóð félagsins. Ennfremur greiði hver félagsmaður árlega kr. 1000, sem renna í félagssjóð.

Á eftir 1. málsgrein 7. greinar, kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Gjöld þessi skulu breytast miðað við vísitölu byggingarkostnaðar í janúar ár hvert, þó í heilum hundruðum króna. Grunntími vísitölu er janúar 1976.

4. málsgrein 11. greinar hljóði svo:

1. Óheimilt skal félagsmanni, er íbúð hefur fengið hjá félaginu, að framleigja hana nema með leyfi stjórnar félagsins.

2. Stjórnin veitir eigi leiguheimild, nema einhverjum af eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:

a) Vegna dvalar félagsmanns á öðru félagssvæði vegna atvinnu sinnar.

- b) Vegna dvalar félagsmanns á öðru félagssvæði vegna náms.  
 c) Vegna dvalar félagsmanns af heilsufarsástæðum á sjúkrahúsi, hæli eða elliheimili.  
 d) Vegna tímabundinnar dvalar erlendis.  
 e) Vegna arfs:  
 I. Vegna óskipts bús.  
 II. Vegna ófjárræðis erfingja.  
 f) Vegna annarra ástæðna, er stjórnin metur gildar.
3. Félagismaður, sem stendur í vanskilum við BFV getur ekki fengið leyfi til að selja á leigu íbúð sína. Sama gildir, þegar um er að ræða vanskil við sjóði, sem löglega hafa verið stofnaðir af íbúðaeigendum.
  4. Félagismaður, sem framleigir íbúð sína, skal tilnefna fulltrúa búsettan í Reykjavík í sinn stað. Fulltrúinn skal skriflega gangast undir ábyrgð gagnvart greiðslum til BFV og viðkomandi húsfélags, og fyrir því, að leigutaki fylgi samþykktum BFV og húsreglum húsfélagsins. Verði misbrestur á ofangreindu, fellur leiguheimildin úr gildi.
  5. Nýti börn, fósturbörn eða foreldri félagsmanns íbúðina, telst slíkt ekki vera um leigu að ræða.
  6. Stjórnin skal að jafnaði eigi veita lengri leiguheimild en til 12 mánaða, en hámark tvö ár í senn. Samþykki stjórnin eigi frekari framleigu, ber íbúðareiganda að bjóða BFV forkaupsrétt að íbúð sinni, ef hann ætlar ekki að nýta íbúðina sjálfur.

Til viðbótar við b. lið 1. mgr. 15. greinar kemur:

Það skulu ávallt talin veruleg vanskil, ef félagismaður hefur ekki greitt lögboðin gjöld til félagsins í 2 ár eða lengur.

Á eftir 2. mgr. 15. gr. kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Ekki getur félagismaður borið fyrir sig, að hann hafi ekki fengið tilkynningu frá félaginu, ef hann hefur skipt um heimilisfang, án þess að láta félagsstjórn vita.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. júlí 1977.*

**F. h. r.**

**Jón S. Ólafsson.**

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Bannað verður að leggja bifreiðum á Grýtubakka, Hjaltabakka, Írabakka og Jörvabakka, beggja vegna akbrautar og á Súðarvogi að vestan verðu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 20. júlí n. k.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 11. júlí 1977.*

**Sigurjón Sigurðsson.**